

46. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 7. mars 2017, kl. 14:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Edwards Huijbens, Inda Björk Gunnarsdóttir í stað Prebens J. Péturssonar, Rebekka Ellen Daðadóttir fulltrúi nemenda, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari. Jónína Magnúsdóttir og Hildur Ösp Gylfadóttir boðuðu forföll og ekki náðist í varamenn.

Dagskrá

1. Stefnumótun varðandi menningarlíf

Skólameistari lagði fram drög að menningarstefnu fyrir Menntaskólann á Tröllaskaga. Nefndarmenn munu fara yfir drögin og gera athugasemdir í tölvupósti. Stefnan verður svo tekin til samþykktar á næsta fundi.

2. Námsframboð skóla

Aðstoðarskólameistari fór yfir þá áfanga sem kenndir eru á vorönn.

3. Niðurstaða haustannar

Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður haustannar 2016. Skólinn skilaði samtals 159 nemendígildum, þar af 9 á starfsbraut. Loknum nemendaígildum fjölgaði því um 22 frá vorönn. Meðaleinkunn í áföngum var 6,5 sem svipað og önnina á undan (6,3). Meðalbrottfall var 6%. Brottfall meðal fjarnema var meira en áður eða 10% á meðan brottfall meðal staðnema var sáralítið eða 1%. Nýtingarhlutfall í hópum hefur batnað um 8% og var nú 78%.

4. Innritun og upphaf annar

Nemendur á vorönn eru 348. Þar af eru 241 í fjarnámi og 107 í staðnámi. Fjarnemar hafa aldrei verið fleiri. Flestir eru á félags- og hugvísindabraut eða 150, á náttúruvísindabraut eru 65, 34 eru á íþróttabraut, 35 á listabraut, 16 á kjörnámsbraut, 14 á starfsbraut, 17 á fisktæknibraut og 9 í viðbótarnámi til stúdentsprófs. Þá eru 6 nemendur úr 10. bekk í Grunnskóla Fjallabyggðar í námi.

5. Nýir áfangar

Skólameistari gerði grein fyrir nýjum áföngum. Ferðalandafræði er kennd í fyrsta sinn sem valáfangi á 1. þrepi. Þá er áfanginn Fiskvinnsluvélar í fisktæknináminu kenndur á Dalvík.

6. Samstarf norðlenskra framhaldsskóla, staða og framhald

Skólameistari fór yfir samstarf norðlenskra framhaldsskóla og í hverju það felst. Svanfríður Jónasdóttir er starfsmaður samstarfsins og stýrir því.

7. Erlend verkefni skólans á yfirstandandi önn

Skólameistari fór yfir erlend samstarfsverkefni á þessari önn. Fleiri verkefni fengust samþykkt en áætlað var eða 7. Lagður fram listi yfir samstarfsverkefnin og gerð grein fyrir þeim. Einnig gerð grein fyrir þeim

umsóknum sem nú hafa verið sendar inn.

8. **Fjárhagur**

Fjármálastjóri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu skólans. Árið 2016 hefur ekki enn verið gert upp en útlit er fyrir að niðurstaðan verði innan fjárhagsramma.

9. **Starfsmannamál**

Nýr kennari var ráðinn á vorönn, Karólína Baldvinsdóttir, sem kennir listir og upplýsingatækni. Tryggvi Hrólfsson mun snúa aftur til kennslu á staðnum næsta haust.

10. **Fistæknibrautin á Dalvík**

Vonir standa til að annar hópur í fisktækni komi til náms í haust á Akureyri.

11. **Önnur mál**

11.1 *Fræðslustefna Fjallabyggðar*

Fyrir skólanefnd lágu drög að fræðslustefnu Fjallabyggðar til umsagnar. Skólanefnd lagði fram eftirfarandi:

Skólanefnd Menntaskólans á Tröllaskaga þakkar fyrir það tækifæri að fá að leggja fram álit nefndarinnar á drögum að breytingu á fræðslustefnu Fjallabyggðar.

Einnig þakkar skólanefndin fyrir að fulltrúi skólans var þátttakandi í mótun hugmynda um fræðslustefnu Fjallabyggðar. Það hefur verið okkur keppikefli að vinna vel með samfélaginu í nærumhverfi skólans.

Þau leiðarljós eða gildi sem sett eru fram í stefnunni falla ágætlega að einkunnarorðum Menntaskólans á Tröllaskaga og við endurskoðun á útfærslu þeirra er ákjósanlegt að tengja þau leiðarljósum fræðslustefnu Fjallabyggðar eins og hún kemur fram í tillögunni.

Skólaskil grunn- og framhaldsskóla eru sá þáttur sem snýr beint að Menntaskólanum á Tröllaskaga og eftirsóknarvert að þau séu sveigjanleg og miði að möguleikum einstaklingsins. Því fögnum við því markmiði tillögunnar að efla samstarf milli Menntaskólans og efstu bekkja grunnskólans. Við þær breytingar sem nú ganga yfir á skólakerfinu á Íslandi þykir nokkuð ljóst að möguleiki grunnskólanema til náms í framhaldsskólum verði aukinn. Samstarfið milli skólanna hefur verið til fyrirmyndar en myndi styrkjast mjög verði eldra stigið í Ólafsfirði og samstarf milli starfsmanna og nemenda skólanna aukið.

11.2 *Fundartímar*

Skólameistara falið að finna fundartíma fyrir næsta fund í maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30